



Gjaldskrár Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árið 2026

Gjaldskrá Frístundaheimilis	2026
Almennt gjald kr./mán. 1 klst á dag (grunn gjald án hressingar/hádegismatar)	3.935
Almennt gjald kr./mán. 2 klst á dag (með hressingu)	11.400
Almennt gjald kr./mán. 3 klst á dag (með hressingu)	15.335
Almennt gjald kr./mán. 3 klst. og 15 mín á dag (með hressingu)	16.320
Almennt gjald kr./mán. 3,5 klst á dag (með hressingu)	17.300
Almennt gjald lengd viðvera pr.skipti*	3.325
Forgangsgjald kr./mán. 1 klst á dag (grunn gjald án hressingar/hádegismatar)	2.755
Forgangsgjald kr./mán. 2 klst á dag (með hressingu)	9.040
Forgangsgjald kr./mán. 3 klst á dag (með hressingu)	11.795
Forgangsgjald kr./mán. 3 klst. og 15 mín á dag (með hressingu)	12.480
Forgangsgjald kr./mán. 3,5 klst á dag (með hressingu)	13.170
Forgangsgjald lengd viðvera pr.skipti*	2.330

*Lengd viðvera er ef þjónusta er nýtt kl. 8:00-13:00 á foreldradögum og starfsdögum skóla. Greitt er fyrir hvert skipti. Óskað er eftir sér skráningu þessa daga. Ekki er veittur systkinaafsláttur af vðbótarvístun þessa daga.

Afslættir og forgangsgjald

Systkinaafsláttur nær yfir þjónustu Frístundaheimilis, leikskólaþjónustu og þjónustu dagforeldra. Veittur systkinaafsláttur af dvalargjaldi er: 30% með öðru barni og 50% með þriðja barni. Ef barn er hjá dagforeldri og systkin þess á leikskóla/Frístundaheimili er systkinaafsláttur veittur af leikskólagjaldinu/Frístundaheimilisgjaldinu. Ef barn er á leikskóla og systkin þess á Frístundaheimili er afsláttur veittur af Frístundaheimilisgjaldinu.

Forgangsgjald er greiðsla fyrir börn einstæðra foreldra og fyrir börn námsmanna, báðir foreldrar þurfa að vera í fullu námi. Afsláttur af dvalargjaldi er aðeins veittur ef viðkomandi stundar nám sem er a.m.k. 24 ECTS einingar á önn. Einstæðir foreldrar njóta ekki jafnframt námsmannaafsláttar.

Sækja þarf um afsláttinn til sviðsstjóra á netfangið velferd@olfus.is fyrir skólaárið og leggja fram staðfestingu frá skóla um að viðkomandi hafi fengið skólavist og staðfestingu á fjölda eininga á önn. Afslátturinn fellur sjálfkrafa niður í lok maí. Sækja þarf um niðurfellingu fyrir 1. september og 6.janúar ásamt því að endurnýja fyrri umsóknir.